

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur
nr. 259 16. júní 1977 með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 1 125.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 2 494.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2 500.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness
nr. 22, 24. janúar 1978.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 540 á mánuði fyrir hvern hemil.

b. Vatnsgjald kr. 2 244.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.